



495. fundur stjórnar SASS
haldinn í Ráðhúsi Árborgar á Selfossi
föstudaginn 5. júní 2015 kl. 12.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Jóhannes Gissurarson varamaður Elínar Einarsdóttur sem boðaði forföll, Lovísa Rósa Bjarnadóttir (í síma) varamaður Sæmundar Helgasonar sem boðaði forföll, og loks Helgi Kjartansson varamaður Unnar Þormóðsdóttur sem boðaði forföll. Páll Marvin Jónsson forfallaðist rétt fyrir fund. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig bæjarstjórn Árborgar, þ.e. Ari Thorarensen, Ásta Stefánsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Viðar Helgason. Loks komu undir lið 7 þær María Björk Ingvadóttir og Margrét Blöndal frá sjónvarpsstöðinni N4.

Formaður bauð fundarmenn velkomna í Ráðhús Árborgar á Selfossi.

Heimsókn bæjarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar.

Ásta, framkvæmdastjóri Árborgar, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundurinn haldinn í Ráðhúsi Árborgar. Hún var með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hún og bæjarstjórnarfulltrúarnir svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð**
Fundargerð 494. fundar undirrituð.
- 2. Ársreikningur SASS 2014.**
Rekstrarafkoma var neikvæð um kr. 34.620.542, eigið fé nam kr. 10.111.027 og handbært fé í árslok kr. 74.334.409.- Ársreikningur lagður fram og staðfestur.
- 3. Samgönguáætlun 2015 – 2018.**
Umsögn um tillögu til þingsályktunar á Alþingi um samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018 samþykkt.

Almennt: Lögð er áhersla á að tekin verði upp ný vinnubrögð í samgöngumálum, hvað varðar áætlanir, ákvarðanir og framkvæmdir við samgöngumannvirki. Við skiptingu fjármuna er eðlilegast að horfa á landið í heild, beina þarf fjármunum í þær framkvæmdir sem eru brýnastar hverju sinni og forgangsraða þarf framkvæmdum á landinu í heild m.t.t. umferðar- og öryggissjónarmiða. Lögð er áhersla á að meiri fjármunum verði varið á næstu árum til rannsókna í samgöngumálum og við áætlanagerð verði höfð hliðsjón af umferðarspám, s.s. vegna fjölgunar ferðamanna.

Almenningssamgöngur: Í þingsályktuninni er ekki gert ráð fyrir hækkunum vegna almenningssamgangna, óbreytt framlag á milli ári. Skorað er á ríkisvaldið að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið og jafnframt verði tillit tekið til breytinga á endurgreiðslu olfugjalds.

Umferðaröryggi: Mikilvægt er að tryggja öryggi allra vegfarenda með stórauðnu fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja. Viðhald vega hefur ekki verið í takt við fjölgun vegfarenda og því brýnt að bæta úr því án tafar. Í samgönguáætluninni er einungis gert ráð fyrir því að endurnýja 6-7% af flatarmáli bundins slitlags á hverju ári en hlutdeildin ætti að vera nær 10-12%. Lagt er til að lögð verði megináhersla á þetta verkefni á næstu árum.

Fækkun einbreiðra brúa: Lögð er áhersla á að verulegt átak verði gert í samgöngumálum í V- og A-Skaftafellssýslum. Farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætluninni en fjöldi þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða rúmlega 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningsleiðir og auka öryggi vegfarenda.

Suðurlandsvegur á milli Hveragerðis og Selfoss: Stjórn SASS lýsir yfir ánægju sinni með að í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir vegabótum á milli Selfoss og Hveragerðis.

Hafnir: Lögð er áhersla á að tryggt verði fé til dýpkunar sunnlenskra hafna, þ.e. Hornafjarðarhafnar, Landeyjahafnar, Vestmannaeyjahafnar og Þorlákshafnar. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn innsiglingar um Hornafjarðarós Grynnslin.

Það er fagnaðarefni að endurbætur hafnarinnar í Þorlákshöfn séu hluti samgönguáætlunarinnar. Endurbæturnar eru mikilvægt hagsmunamál fyrir Suðurland en höfnin er stórt tækifæri til öflugrar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði flýtt en áætlað fjármagn til verksins á tímabilinu er aðeins um fjórðungur af heildarkostnaði skv. frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar.

Brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt: Lögð er áhersla á að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu. Núverandi brú er léleg og stórvarasöm. Framkvæmdin er arðsöm og mun stytta hringveginn um 11 km.

Lokaorð: Ekki er hægt að láta hjá líða að gagnrýna þann stutta umsagnarfrest sem sveitarfélögunum er gefinn til umsagnar um jafnmikilvægt mál og samgönguáætlun Alþingis. Hér með er skorað á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að endurskoða verklag nefndarinnar að þessu leyti.

4. Sóknaráætlun 2015 – 2019.

Formaður verkefnisstjórnar og framkvæmdastjóri kynntu málið. Verkefnisstjórn hefur haldið þrjá fundi. Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar verður haldinn 16. júní n.k. Sveitarfélögin tilnefndu 60 fulltrúa og úr þeim hópi voru valdir 40 einstaklingar. Við val á þeim var tekið tillit til lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Markmið fundar samráðsvettvangsins er að móta framtíðarsýn landshlutans og leggja fram megin áherslur við gerð Sóknaráætlunar til ársins 2019. Afrakstur fundarins, stefnumörkunin og þær verkefnatillögur sem þar koma fram, verður vísað til starfshópa á vegum verkefnastjórnarinnar í framhaldi.

Hlutverk starfshópa verður að móta þróunarverkefni, svokölluð áhersluverkefni Sóknaráætlunar, sem eiga að vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina og ná settum markmiðum í viðkomandi málaflokkum. Gert er ráð fyrir að starfshóparnir verði fjórir og starfi á eftirfarandi málaflokkum; menningarmál, atvinnuþróun- og nýsköpun, lýðfræði og mannauður og loks skipulagsmál.

Eftir fund hjá samráðsvettvangi verða niðurstöðurnar kynntar opinberlega og kallað eftir tillögum og hugmyndum úr samfélaginu sem best falla að settum markmiðum. Geta þá einstaklingar, félagasamtök, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir eða aðrir sent inn tillögur rafrænt beint til verkefnastjórnarinnar.

Verkefnatillögurnar verða teknar til umfjöllunar í verkefnastjórn eða í starfshópum á því málaflokkum sem um ræðir. Ráðgert er að auglýsa opinberlega eftir tillögum úr samfélaginu.

Auglýst var 16. apríl sl. í fréttu- og héraðsblöðum á Suðurlandi eftir umsóknum um styrki frá Uppbyggingarsjóðnum á sviði menningarmála og á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Umsóknarfrestur var til og með 12. maí sl. Alls bárust sjóðnum 184 umsóknir, 117 umsóknir um menningarstyrki og 67 umsóknir um styrki til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Skipaðar hafa verið tvær þriggja manna úthlutunarnefndir (fagráð) sem nú eru að störfum og munu að lokum skila tillögum um úthlutun til verkefnastjórnar.

Gert er ráð fyrir að úthlutun geti farið fram um 20. júní nk.

5. Svæðisskipulag á Suðurlandi.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins. Haft hefur verið samband við aðila sem geta tekið svona vinnu að sér auk þess sem leitað hefur verið ráðgjafar hjá opinberum stofnunum.

Óskað verður eftir tilboðum frá ráðgjöfum um að undirbúa og stýra framhaldsvinnunni. Fyrirhuguðum tveimur eða þremur fundum tveggja kjörinna fulltrúa frá hverju sveitarfélagi er ætlað að skila af sér tillögu fyrir komandi

ársþing SASS. Á grunni framkomins er framkvæmdarstjóra falið að vinna málið áfram og ganga frá samningi.

6. Starfsmannamál.

Formaður og framkvæmdastjóri fór yfir stöðu starfsmannamála hjá SASS. Kristín Hreinsdóttir mun láta af stöfum sem verkefnisstjóri 24. júní nk. Henni eru þökkuð störf fyrir SASS. Gunnar Þór Gunnarsson hóf störf í ART teyminu í maí sl. Sigríður Þorsteinsdóttir verður verkefnisstjóri ART teymisins frá og með 1. júlí nk.

7. N4 fer yfir verkefnið „Að sunnan“

Fyrirsvarsmenn sjónvarpsstöðvarinnar N4, María Björk Ingvadóttir og Margrét Blöndal, fóru yfir árangur vetrarins tengt útsendingum á sjónvarpsþáttunum „Að sunnan“. Fundarmenn voru ánægðir með þættina og útsendingarnar og fengu umsjónarmaður og framleiðandi hrós fyrir. María og Margrét kynntu hugmyndir að samstarfi næsta vetur. Niðurstaða fundarins var að hvetja sveitarfélögin til áframhaldandi samstarfs við sjónvarpsstöðina N4 enda hafa þættirnir mikið kynningargildi fyrir Suðurland.

8. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.

a) Ályktun um tónlistarnám og rekstur tónlistarskóla

Stjórn SASS leggur þunga áherslu á að framlag ríkisins til tónlistarnáms á framhaldsstigi á Suðurlandi verði tryggt. Stjórnin mótmælir framkomnum hugmyndum mennta- og menningarmálaráðherra um að fjármögnun tónlistarkennslu á framhaldsstigi verði bundin við einn skóla.

b) Skýrsla ríkisendurskoðunar um barnaverndarmál: Staða barnaverndarmála á Íslandi frá maí 2015

Í gegnum skýrslu ríkisendurskoðunar um barnaverndarmál: Staða barnaverndarmála á Íslandi frá maí 2015, sem finna má á heimasíðu ríkisendurskoðunar:

<http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/barnaverndarmal.pdf>.

Það vekur athygli að þegar rætt er um úrræði í barnaverndarmálum að ekkert er minnst á fjölskyldu-ART þjálfun sem þó er beitt á stærstum hluta Suðurlands. Á bilinu 35-50 sunnlenskar fjölskyldur fá fjölskyldu-ART þjálfun árlega. Mörgum þeirra er vísað til ART-teymisins að frumkvæði barnaverndarnefnda á svæðinu.

Á bls. 34 segir: „Almenn sátt ríkir um að fjölkerfameðferð sé oftast fyrsti kostur.“ Fjölskyldu-ART þjálfun er oftast ekki fyrsti kostur barnaverndarnefnda þar sem hún er í boði. Mikið og gott samstarf er milli barnaverndarstarfsmanna í Árnassýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu og starfsmanna ART verkefnisins á Suðurlandi. ART verkefnið á Suðurlandi, sem heyrir undir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, er fjármagnað að hluta til af Velferðarráðuneytinu og að hluta af sveitarfélögum á Suðurlandi.



Stjórn SASS lýsir furðu sinni á að ekki sé minnst á ART fjölskyldubjálfun í skýrslunni.

c) Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Tölvupóstur verður sendur á stjórn og varastjórn

d) Ellefti fundur sveitarstjórnarvettvangs EFTA í Stange

Tölvupóstur verður sendur á stjórn og varastjórn.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 7. ágúst nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 15:20

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Kjartansson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Jóhannes Gissurarson
Lovísa Rósa Bjarnadóttir
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson